


Keflavíkurflugvöllur ohf  
Sigurður H. Ólafsson,  
skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar  
Flugstöð Leifs Eiríks  
235 Reykjanesbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. nóvember 2011  
Tilvísun: UST20111000100/ksj

## Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2011 – 2030. Lýsing verkefnis og matslýsing. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar er barst 13. október sl. þar sem óskað er umsagnar um endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2011 – 2030, lýsingu verkefnisins og matslýsingu.

Flugvallarsvæðinu er skipt í tvennt, svæði A sem skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fer með skipulagsvald á, og svæði B, öryggissvæði undir stjórn utanríkisráðuneytisins.

### Áherslur við endurskoðun aðalskipulagsins

Megin áhersla umhverfismats verður á eftirfarandi þætti í skipulagsvinnu Keflavíkurflugvallar:

Mögulegar breytingar á flugbrautum.

Þróun flugumferðar á skipulagstímabilinu þ.m.t. þróun innanlandsflugs.

Aðgengi og samgöngur. Aðgengi að flugvallarsvæðinu og mögulegar lestarsamgöngur.

Umhverfisstofnun er með eftirfarandi ábendingar við matslýsingu og lýsingu endurskoðunar aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2011 – 2030.

### Umhverfismál


Í kafla um umhverfismál kemur fram að m.a. verði fjallað um fráveitu svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að markmið varðandi fráveitu verði tímasett sbr. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 796/1999.


## Áhrifaþættir

Umhverfisstofnun tekur undir áherslu í endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2011 – 2030 um að skoða mögulegar lestarsamgöngur varðandi aðgengi og samgöngur að flugvallarsvæðinu.

Umhverfisstofnun hefur ekki fleiri ábendingar við áherslur og umhverfisskýrslu ofangreindrar lýsingar og matslýsingar aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2011 – 2030 að svo stöddu, enda eru tillögur um framkvæmdir ekki í lýsingunni, en að mati stofnunarinnar virðast öll viðmið koma þar fram.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

